

Alþingi
Erindi nr. P 130/1037
komudagur 23.2.2004

Egilsstöðum, 19. febrúar 2004

Nefndasvið Alþingis
Austurstræti 8 -10
150 Reykjavík

Efni: Umsögn Austurlandsskóga um tillögu til þingsályktunar um náttúruvermdaráætlun 2004-2008.


Austurlandsskógum barst framangreind þingsályktunartillaga til umsagnar 7. febrúar sl. Ber að fagna því að unnin verði heildstæð náttúruvermdaráætlun en jafnframt rétt að benda á mikilvægi þess að sú vinna sé unnin heima í héruðum.

Við yfirlestur á þessari tillögu til þingsályktunar má sjá að það hefur verið leitað til sveitarfélaga og einstaklinga heima í héruðum í meira mæli en oft áður og er það vel. Austurlandsskógar vilja leggja á það áherslu að við frekari vinnu við náttúruvermdaáætlunina verði Náttúrustofunum, sem eru í hverjum landshluta, falin með formlegum hætti vinna og umsjá þeirra svæða sem falla innan þeirra landshluta. Þannig mun fagleg og staðbundin þekking nýtast best. Einnig er mikilvægt að stjórnvöld tryggi það fjármagn sem til þarf til að náttúruvermdaráætlunin standi undir þeim væntingum sem til hennar eru gerðar.

Eitt svæði í þingsályktunni er innan starfssvæðis Austurlandsskóga en það er Njarðvík-Loðmundarfjörður (Borgarfjarðarhreppur).

Í því sambandi vilja Austurlandsskógar vara við að það verði settar mjög hamlandi reglur varðandi möguleika bænda/landeiganda til að ráðstafa og nýta land sitt í framtíðinni.

Virðingarfyllst,
f.h. Austurlandsskóga.


Jóhann F. Þórhallsson

Austurlandsskógar. Kt; 690301-3260 Miðvangi 2-4. 700 Egilsstöðum.
Simi.471-2184. fax.471-2172. Netfang. joi@skogur.is